

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Vilhjálmi Árnasyni um skráningu lögheimilis.

1. *Hversu margir einstaklingar hafa verið skráðir til lögheimilis í sveitarfélagi án tilgreinds heimilisfangs flokkað eftir sveitarfélögum sl. tíu ár?*

Eftirfarandi tafla byggist á upplýsingum sem Þjóðskrá Íslands vann úr þjóðskrá með vélrænni talningu. Í töflunni eru birtar upplýsingar um fjölda einstaklinga sem voru skráðir í þjóðskrá með ótilgreint lögheimili 1. desember ár hvert, sundurliðað eftir landshlutum, sveitarfélögum og árum. Bent er á að tölfræðin stýrist af númeri hvers sveitarfélags og sam- einingar sveitarfélaga hafa leitt til breyttra númera og heita sem útskýrir auða dálka sums staðar.

Nr. svf.	Sveitarfélag	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
<b>Höfuðborgarsvæðið</b>												
0000	Reykjavík	333	408	539	776	880	1.217	1.158	1577	1.979	2.644	2.923
1000	Kópavogur	68	77	131	156	169	267	215	265	414	535	571
1100	Seltjarnarnes	1	2	3	3	6	3	6	9	10	18	22
1300	Garðabær	23	60	62	45	35	47	37	47	51	87	140
1400	Hafnarfjörður	49	89	159	167	236	275	254	384	416	575	648
1604	Mosfellsbær	14	17	20	40	46	82	67	79	161	208	223
1606	Kjósarhreppur	9	10	11	24	25	35	26	49	48	55	72
	<b>Samtals</b>	<b>497</b>	<b>663</b>	<b>925</b>	<b>1.211</b>	<b>1.397</b>	<b>1.926</b>	<b>1.763</b>	<b>2410</b>	<b>3.079</b>	<b>4.122</b>	<b>4.599</b>
<b>Suðurnes</b>												
2000	Reykjanesbær	48	135	241	258	275	304	203	317	440	535	566
2300	Grindavík	6	6	6	19	17	23	16	17	21	29	21
2503	Sandgerðisbær	0	0	0	-	-	-	-	-	-	-	-
2504	Sveitarfélagið Garður	0	0	0	-	-	-	-	-	-	-	-
2506	Sveitarfélagið Vogar	4	4	5	8	11	10	8	14	22	22	28
2510	Suðurnesjabær				0	0	29	26	37	30	43	64
	<b>Samtals</b>	<b>58</b>	<b>145</b>	<b>252</b>	<b>285</b>	<b>303</b>	<b>366</b>	<b>253</b>	<b>385</b>	<b>513</b>	<b>629</b>	<b>679</b>
<b>Vesturland</b>												
3000	Akranes	0	1	7	11	26	25	37	33	34	60	74
3506	Skorradalshreppur	1	2	2	1	7	4	4	5	12	21	10
3511	Hvalfjarðarsveit	1	0	0	4	3	2	17	56	48	46	42
3609	Borgarbyggð	30	34	35	29	35	43	25	26	31	74	84
3709	Grundarfjarðarbær	0	0	0	1	1	4	1	1	4	6	5
3710	Helgafellssveit	0	0	0	2	2	0	0	-	-	-	-
3711	Stykkishólmur / Stykkishólmsbær	1	4	5	5	8	5	2	-	-	-	-
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	1	1	1	2	1	2	1	0	0	0	0

Nr. svf.	Sveitarfélag	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
3714	Snæfellsbær	3	5	2	3	1	12	13	12	12	8	19
3716	Sveitarfélagið Stykkis- hólmur								7	8	8	9
3811	Dalabyggð	0	1	1	1	0	0	2	0	0	0	4
	<b>Samtals</b>	<b>37</b>	<b>48</b>	<b>53</b>	<b>59</b>	<b>84</b>	<b>97</b>	<b>102</b>	<b>140</b>	<b>149</b>	<b>223</b>	<b>247</b>
<b>Vestfirðir</b>												
4100	Bolungarvík	0	0	0	0	0	0	4	5	6	7	7
4200	Ísafjarðarbær	2	8	17	44	26	19	17	10	17	23	58
4502	Reykholahreppur	0	1	1	1	1	1	0	0	0	1	1
4604	Tálknafjarðarhreppur	6	2	4	5	4	2	1	3	4	-	-
4604	Vesturbyggð	-	-	-	-	-	-	-	-	-	8	5
4607	Vesturbyggð	0	2	4	6	3	6	1	3	2	-	-
4803	Súðavíkurbhreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	0
4901	Árneshreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5	4
4902	Kaldrananeshreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
4911	Strandabyggð	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	<b>Samtals</b>	<b>8</b>	<b>13</b>	<b>26</b>	<b>56</b>	<b>34</b>	<b>28</b>	<b>23</b>	<b>21</b>	<b>29</b>	<b>47</b>	<b>75</b>
<b>Norðvesturland</b>												
5502	Sveitarfél. Skagafjörður	1	1	5	5	8	8	6	-	-	-	-
5508	Húnaþing vestra	2	2	1	2	2	4	4	7	4	10	18
5604	Blönduós bær / Blönduós	0	3	3	1	1	3	1	-	-	-	-
5609	Sveitarfélagið Skagaströnd	1	0	0	0	2	3	0	1	0	0	0
5611	Skagabyggð	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-	-
5612	Húnavatnshreppur	0	0	0	0	0	0	1	-	-	-	-
5613	Húnaþing	-	-	-	-	-	-	-	2	5	15	23
5706	Akrahreppur	0	0	0	0	0	0	0	-	-	-	-
5716	Skagafjörður	-	-	-	-	-	-	-	13	16	26	31
	<b>Samtals</b>	<b>4</b>	<b>6</b>	<b>9</b>	<b>8</b>	<b>13</b>	<b>18</b>	<b>12</b>	<b>23</b>	<b>25</b>	<b>51</b>	<b>72</b>
<b>Norðausturland</b>												
6000	Akureyrarkaupstaður / Akureyrarbær / Akureyri	28	37	43	47	46	57	60	72	90	148	176
6100	Norðurþing	7	6	14	26	29	20	31	18	20	28	38
6250	Fjallabyggð	0	7	4	1	1	3	1	3	6	10	11
6400	Dalvíkurbyggð	0	0	0	12	1	3	4	5	6	6	10
6513	Eyjafjarðarsveit	0	0	1	1	3	4	3	2	2	4	8
6515	Hörgársveit	0	0	0	0	0	0	1	8	6	1	0
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	3	2	0	5	4	2	6	4	2	5	3
6602	Grýtubakkahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1
6607	Skútustaðahreppur	0	0	1	6	10	17	13	-	-	-	-
6611	Tjörneshreppur	0	0	0	0	0	3	4	4	3	2	1
6612	Þingeyjarsveit	0	0	0	2	2	2	4	14	10	14	19
6706	Svalbarðshreppur	0	0	0	0	0	0	0	-	-	-	-
6709	Langanesbyggð	0	0	2	3	1	2	4	-	-	-	-
6710	Langanesbyggð	-	-	-	-	-	-	-	2	13	18	18
	<b>Samtals</b>	<b>38</b>	<b>52</b>	<b>65</b>	<b>103</b>	<b>97</b>	<b>113</b>	<b>131</b>	<b>132</b>	<b>158</b>	<b>236</b>	<b>285</b>

Nr. svf.	Sveitarfélag	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
<b>Austurland</b>												
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	2	1	2	1	1	-	-	-	-	-	-
7300	Fjarðabyggð	0	2	3	14	14	15	15	9	15	15	43
7400	Múlaþing	-	-	-	-	-	36	10	6	0	27	40
7502	Vopnafjarðarhreppur	2	2	2	3	3	3	0	0	0	0	0
7505	Fljótisdalshreppur	0	2	0	0	9	11	9	9	6	12	4
7509	Borgarfjarðarhreppur	0	0	0	0	0	-	-	-	-	-	-
7613	Breiðdalshreppur	0	0	0	-	-	-	-	-	-	-	-
7617	Djúpavogshreppur	0	0	0	0	1	-	-	-	-	-	-
7620	Fljótisdalshérað	1	5	3	5	9	-	-	-	-	-	-
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	1	12	22	31	25	16	-	-	-	-	-
	<b>Samtals</b>	<b>6</b>	<b>24</b>	<b>32</b>	<b>54</b>	<b>62</b>	<b>81</b>	<b>34</b>	<b>24</b>	<b>21</b>	<b>54</b>	<b>87</b>
<b>Suðurland</b>												
8000	Vestmannaeyjar	6	5	9	12	8	50	41	25	49	59	74
8200	Sveitarfélagið Árborg	15	20	26	37	34	45	41	43	57	77	117
8401	Sveitarfélagið Hornafjörður	-	-	-	-	-	-	12	10	11	28	22
8508	Mýrdalshreppur	1	1	2	10	15	18	3	5	8	20	36
8509	Skaftárhreppur	2	0	1	3	3	5	7	10	9	12	13
8610	Ásahreppur	2	19	0	5	15	18	8	18	28	35	39
8613	Rangárþing eystra	7	7	6	10	17	27	11	7	10	18	24
8614	Rangárþing ytra	7	17	21	28	20	20	19	19	17	24	28
8710	Hrunamannahreppur	0	0	1	2	4	8	11	9	15	21	33
8716	Hveragerði	3	0	9	12	11	17	11	14	15	34	34
8717	Sveitarfélagið Ölfus	0	1	2	10	11	21	20	12	40	40	52
8719	Grímsnes- og Grafnings- hreppur	1	3	5	10	12	30	34	48	75	103	140
8720	Skeiða- og Gnúpverja- hreppur	0	51	40	11	3	3	5	7	7	9	10
8721	Bláskógabyggð	1	0	1	2	2	9	11	14	15	20	24
8722	Flóahreppur	0	0	0	0	2	1	6	16	12	14	13
	<b>Samtals</b>	<b>45</b>	<b>124</b>	<b>123</b>	<b>152</b>	<b>157</b>	<b>272</b>	<b>240</b>	<b>257</b>	<b>368</b>	<b>514</b>	<b>659</b>
	<b>Landið allt</b>	<b>693</b>	<b>1.027</b>	<b>1.485</b>	<b>1.928</b>	<b>2.147</b>	<b>2.901</b>	<b>2.558</b>	<b>3.392</b>	<b>4.342</b>	<b>5.876</b>	<b>6.703</b>

2. Í hversu mörgum tilvikum hefur lögheimilisskráning verið leiðrétt á grundvelli 16. gr. laga um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018, undanfarin tíu ár:

- á grundvelli frumkvæðisvinnu Þjóðskrár Íslands,
- á beiðni þinglýsts eiganda,
- á beiðni annarra sem hagsmuna hafa að gæta?

Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum og eftir því hvort sá sem var ranglega skráður hafði íslenskt eða erlent ríkisfang.

Lög um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018, tóku gildi 1. janúar 2019. Leiðréttingar á grundvelli 16. gr. laganna ná því aðeins aftur til þeirrar dagsetningar.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda mála sem hafa verið til meðferðar hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt skráningu í málaskrá stofnunarinnar. Málum vegna tilkynninga sem bærust stofnuninni fram að ágúst 2025 mun vera lokið og því eru um 2000 mál ársins 2025 enn til meðferðar. Tölur fyrir árið 2025 miðast við skráningu 9. desember 2025.

Bent er á að í málaskrárkerfi Þjóðskrár Íslands eru upplýsingar um sveitarfélög og ríkisföng málsaðila ekki aðgengilegar með vélrænni talningu. Sama gildir um flokkun á málum eftir því hvort tilkynning barst frá þinglýstum eiganda eða öðrum sem hafa hagsmuna að gæta. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrár Íslands má þó gera ráð fyrir því að meiri hluti tilkynninga berist frá þinglýstum eigendum.

Ár	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Mál að beiðni þinglýstra eigenda og annarra	2.198	3.214	2.791	3.273	4.019	8.933	8.253
Mál að frumkvæði Þjóðskrár Íslands	165	1.633	612	599	100	67	608

3. *Hvaða aðilar hafa talist falla undir „aðrir hagsmunaaðilar“ í skilningi 2. mgr. 16. gr. laganna og hverjir ekki samkvæmt ákvörðunum Þjóðskrár Íslands og úrskurðum ráðuneytisins?*

Aðrir hagsmunaaðilar í skilningi ákvæðisins eru helst leigutakar, aðstandendur einstaklinga sem þarfnast aðstoðar við að gæta hagsmuna sinna, opinberar stofnanir, svo sem Tryggingastofnun, Skatturinn, heilbrigðisstofnanir og sveitarfélög, vinnuveitendur og húsfélög.

Framkvæmdinni er þannig háttað að Þjóðskrár Íslands tekur til skoðunar allar tilkynningar sem varða lögheimilisskráningar, óháð því frá hverjum þær berast. Í kjölfarið fer fram mat á því hvort tilkynnandi hafi hagsmuna að gæta og hvort tilefni er til að setja tilkynninguna í viðeigandi farveg.

4. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á gildandi lagaheimildum til að skrá lögheimili án tilgreindrar staðsetningar? Efsvo er, yrðu slíkar breytingar til að þrengja núverandi heimildir eða til að festa slíkar heimildir enn frekar í sessi?*

Samkvæmt Þjóðskrár Íslands eru algengustu ástæður fyrir skráningunni „ótilgreint lögheimili“ eftirfarandi:

Í fyrsta lagi tilkynning þriðja aðila um ranga skráningu lögheimilis. Slíkar tilkynningar koma yfirleitt frá þinglýstum eiganda fasteignar sem upplýsir Þjóðskrár Íslands um einstaklinga sem hafa ekki fasta búsetu í húsnæði í þeirra eigu, en eru engu að síður með skráð lögheimili þar. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018, bera þinglýstir eigendur fasteigna skyldu til að upplýsa Þjóðskrár Íslands um einstaklinga sem eru ranglega skráðir með lögheimili í þeirra fasteign. Málsmeðferð hefst á því að upplýsa málsaðila um skráninguna og gefa honum kost á að bregðast við og upplýsa Þjóðskrár um rétt heimilisfang. Ef einstaklingur bregst ekki við erindi Þjóðskrár Íslands verður hann skráður með ótilgreint lögheimili í sama sveitarfélagi og síðasta skráða lögheimili eða erlendis ef búseta er talin vera erlendis.

Í öðru lagi ósk einstaklinga, sem eru búsettir í húsnæði sem ekki er heimilt að skrá lögheimili í, um að þeir verði skráðir með ótilgreint lögheimili í sveitarfélagi þar sem búsetan er. Nauðsynlegt er að staðfesting á búsetu sé lögð fram til Þjóðskrár Íslands svo hægt sé að samþykkja slíka beiðni. Í slíkum tilvikum er algengast að um búsetu í atvinnuhúsnæði eða frístundabyggð sé að ræða en einstaklingar án húsnæðis falla einnig undir þennan flokk.

Í þriðja lagi vegna nýskráningar erlendra ríkisborgara í Þjóðskrár. Þjóðskrár Íslands er ekki heimilt að fresta afgreiðslu umsóknar um skráningu lögheimilis á Íslandi og úthlutun kennitölu ef öll skilyrði hafa verið uppfyllt. Umsækjendur í þessum hópi eru þá skráðir með ótilgreint lögheimili ef búseta er ekki í íbúðarhúsnæði eða þeir hafa ekki fundið varanlegt

íbúðarhúsnæði þegar umsókn er afgreidd. Hér geta jafnframt fallið undir tilvik þegar íslenskir ríkisborgara flytja aftur til landsins og eru ekki komnir með húsnæði til þess að skrá fasta búsetu í.

Í fjórða lagi einstaklingar sem eru án fastrar búsetu, þ.e. eru heimilislausir tímabundið eða ótímabundið og hafa af þeirri ástæðu ótilgreinda skráningu lögheimilis í sveitarfélagi.

Í fimmta lagi einstaklingar sem dvelja á áfangahæðum og í meðferðarúrræðum, þ.e. ef þeir þurfa að vera skráðir í sveitarfélagið til þess að geta nýtt framangreind úrræði en hafa enga aðra fasta búsetu þar.

Frá því Þjóðskrá Íslands og lög um lögheimili og aðsetur fluttust frá innviðaráðuneytinu til dómsmálaráðuneytisins hinn 15. mars sl., við gildistöku forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 5/2025, hefur dómsmálaráðuneytið verið að kynna sér starfsemi og framkvæmd stofnunarinnar, þar á meðal á grundvelli umræddra laga. Fyrir liggur að ýmis álitamál tengjast skráningu á ótilgreindu lögheimili einstaklinga. Hluti þeirra varðar málefni annarra ráðuneyta en auk þess hafa ýmis stjórnvöld, sveitarfélög og aðrir aðilar hagsmuni að gæta af framkvæmdinni. Dómsmálaráðuneytið er með mállefni laga um lögheimili og aðsetur til skoðunar og hefur við þá vinnu samráð við þá aðila sem málið varðar.